

## Stýrihópur um framtíðarnýtingu Krýsuvíkursvæðisins

**Fundargerð 4. fundar**, sem haldinn var í fundarsal bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar  
7. október 2015 og hófst kl. 17:00.

**Fundinn sátu:** Kristinn Andersen, Sigríður Björk Jónsdóttir og Valdimar Svavarsson.

**Forföll boðuðu:** Borghildur Sturludóttir og Júlíus Andri Þórðarson.

### Frumdrög að skýrslu starfshópsins

Kristinn hafði tekið saman frumdrög með hugmyndum að kaflaheitum í skýrslu starfshópsins, sem endanlega verður skilað. Drögin voru vistuð í Dropbox möppu hópsins. Rætt var um hvernig niðurstöður hópsins yrðu settar fram og áhugi var á að lokaafurðin yrði stutt en skýr.

### Aðilar sem þekkja til og hafa hagsmuna að gæta á svæðinu

Rætt var um hverjir það væru sem þekktu til Krýsuvíkursvæðisins eða kynnu að hafa hagsmuni þar. Þessir aðilar koma með mismunandi hætti að svæðinu og listinn er ekki tæmandi:

- Útivistarfolk og áhugafolk um menningu – einstaklingar í Hafnarfirði og víðar.
- Ferðaþjónustuaðilar
- Orkuvinnslufyrirtæki
- Áhugamannafélög s.s. um stjörnuskoðun o.fl.
- Hestamenn og bændur
- Skólafolk

Taka mætti saman hugmyndir sem fram hafa komið um nýtingu á svæðinu og gera stutta samantekt um hvert, með lauslegri lýsingu ávinnings og kostnaðar.

### Lykilatriði – „hvað er Krýsuvíkursvæðið?“

Ljóst er að Krýsuvíkursvæðið og margvísleg nýting á því er fjölbreytt. Ein nálgun til að ná utan um verkefnið væri að skilgreina „hvað Krýsuvíkursvæðið væri“, þ.e. finna kjarnaatriðin („konsept“) í svæðinu og nýtingu þess. Bera mætti þessi kjarnaatriði saman við önnur hliðstæð, s.s. auðlindagarða eða Gullna hringinn. Skilgreina mætti fyrir hvert kjarnaatriði: Hvað – hvar – fyrir hvern?

### Næstu skref

Niðurstaða var fengin um vettvangsferð um Krýsuvíkursvæðið nk. laugardag, 10. október og var Dagur Jónsson reiðubúinn að fara með hópnum, sem vel var tekið.

Fundi slitið kl. 18:00.

*Sent stýrihóp til samþykktar*